



Bréf frá Raftækjaeinkasölu ríkisins 16. september 1935-1936 til hr. rafvirkja Hergeirs Albertssonar

Bjarni Benediktsson – Bréf frá Raftækjaeinkasölu ríkisins 16. september 1935-1936 til hr. rafvirkja
Hergeirs Albertssonar

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-4, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

RAFTÆKJAEINKASALA RÍKISINS

Símlyklar: Mosse, Alpha, Bentley
Símnefni: Elektromonopol
Pósthólf: 728
Bankar: Landsbanki Íslands
Útvegsbanki Íslands h.f.
Símar: 1929, 4126, 4510
Afgreiðsla: 4526, 4839

Reykjavík, 16.9.1936.
Ísland

Hr. rafv. Hergeir Albertsson,

Bréf yðar:

Í s a f i r ð i.

Viðvikjandi:

Vér höfum móttengið bréf yðar d gs. 12. þ.m. þar sem þér kvartíð undan því að rörin, sem þér fenguð frá oss þ. 11. ágúst séu ekki lögleg og að þér hafið fundið 1 rör opið. Rör þau, sem hér um ræðir eru 5/8" skrúfuð, sem vér sendum yður í stað 5/8" óskr. og voru reiknuð yður á sama verði og óskr. rör 5/8" eða kr. 25/- pr. %. Rör þessi eru í alla stöi lögleg í óskrúfaðar lagnir en hinsvegar má ekki nota þau í skrúfaðar lagnir og viljum vér fastlega mælast til þess að þér misnotið ekki það traust, sem vér höfum sýnt yður, á þann hátt að nota þau í skrúfaðar (huldar) lagnir.

Vér gerum ráð fyrir að þér hafið ekki athugað þetta, og biðjum yður framvegis að gjöra svo vel að láta oss vita áður en þér sendið kvartanir yðar til Rafmagnseftirlitsins ef ske kynni að um misskilning væri að ræða.

Virðingarfyllst

pr. pr. RAFTÆKJAEINKASALA RÍKISINS

Gudm. Marteinsson